

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Flóahreppi.

1. gr.

Flóahreppi er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi nr. 352/2009 og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskattí.

2. gr.

*Sorphaðugjald.*

Fyrir hálfsmánaðarlega tæmingu, sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi:

- |                    |            |
|--------------------|------------|
| a) 240 lítra tunna | 13.483 kr. |
| b) 660 lítra kar   | 37.078 kr. |
| c) 1.100 lítra kar | 61.752 kr. |

3. gr.

*Sorpeyðingargjald.*

Íbúðir	12.853 kr.
Sumarhús	12.853 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	28.044 kr.
Atvinnurekstur lögbýli	15.190 kr.
Seyrulosun íbúðarhús/sumarhús	8.000 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps og staðfest skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1061/2014.

*Flóahreppi, 14. desember 2015.*

**Eydís Þ. Indriðadóttir** sveitarstjóri.